

Umsagnaraðili: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

149. löggjafarþing 2018-2019.

Þingskjal 9-9. mál.

Umsögn um frumvarp til nýrra laga um um mannanöfn, og þar með úrfellingu laga um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn).

Það er mikið fagnaðarefni að þingmenn leggi fram nýtt frumvarp um lög um mannanöfn.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið þess sé „m.a. að tryggja rétt einstaklinga til að bera það nafn eða þau nöfn sem þeir kjósa og tryggja að lög um mannanöfn takmarki ekki persónufrelsi fólks eða frelsi fólks til að skilgreina sig.“ Nýja frumvarpið ber með sér nýja vinda og frjálsgri hugsun í alla staði þar sem ekki er gengið útfrá því að fólk sé dregið í dilka eftir uppruna – hvort heldur úr annari menningu eða stétt – eða kyni, líkt og gert er í núgildandi lögum. Að leiðarljósi í nýja frumvarpinu eru jöfnuður og lýðfrelsi fremur en forræðisbyggja, valdboð og mismunur.

Núgildandi lög um mannanöfn, nr. 45/1996 eru mjög umdeild og ekki að ófyrirsynju. Lögbundin afskipti mannanafnanefndar um nafngiftir eiginna hafa jafnframt sætt mikilli gagnrýni sem og bann við upptöku nýrra ættarnafna og heimild útvalinna til að bera þau.

Núverandi lög um mannanöfn nr. 45/1996 einkennast því miður, af uppblásinni þjóðernishyggju, niðurnjörvaðri forræðisbyggju og ríkisafskiptum sem endurspeglar afdönkuð og ólýðræðisleg viðhorf. Ennfremur og ekki síður, brjóta þau hreinlega í bága við 65. gr., VII. kafla Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, (með síðari breytingum) en þar segir: Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Núgildandi lög mismuna fólki á alla kanta og óþarfi að tíunda þau fjölmörgu dæmi sem hægt væri að taka því til sönnunar.

Auk fyrrgreinds stjórnarskrárbrots kemur fram í frumvarpinu að réttur til nafns njóti „verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, um friðhelgi einkalífs. Jafnframt er viðurkennt í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu að rétturinn til nafns falli undir 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.“ Það er því engum vafa undirorpið að núverandi mannanafnalög stríða gegn stjórnarskrá lýðveldisins.

Þó, ef til vill óþarfi að rökstyðja þær breytingar, sem nýja frumvarpið felur í sér, fram yfir það sem gert er í greinargerð með frumvarpinu, get ég ekki látið það ógert. Stafar það fyrst og fremst af ósátt minni við núverandi lög um mannanöfn.

Lög nr. 45/1996 mismuna borgurum lýðveldisins og tekur mismununin bæði til eiginna og eftirnafna/kenninna. Henni hefur verið meðal annars verið viðhaldið með boðum og bönum Mannanafnanefndar og umdeildum úrskurðum hennar. Það er einstakt fagnaðarefni að sjá að hlutverki þeirrar nefndar er að fullu lokið verði frumvarpið að lögum.

Val á eiginnöfnum skv. núgildandi lögum er takmarkað við samþykki Mannanafnanefndar og nöfnin verða að falla að íslenski málhefð. Slík ákvæði mismuna borgurum landsins m.a. öllu fólki af erlendum uppruna, sem vill gefa börnum sínum nöfn úr sinni eigin menningu og málsamfélagi og geta

eðli málsins samkvæmt ekki uppfyllt þessi skilyrði. Fjöldi fólks af erlendum uppruna sem sest hefur að í íslensku samfélagi er í kringum fimmtíu þúsund (október 2018). Íslenskt samfélag verður sífellt margbreytilegra og það er gjörbreyttur veruleiki frá því sem var þegar núverandi lög tóku gildi. Með niðurfellingu mannanafnanefndar fellur mannanafnaskrá niður, sem getið er í 22. gr. 1. málsl. í VIII kafla og foreldrum verður einfaldlega treyst til að finna börnum sínum nöfn án afskipta hins opinbera. Fram til þessa hefur löggjafinn ennfemur skipt sér af rithætti einstakra nafna og bannað og leyft eftir því sem smekkur nefndarfulltrúa hefur boðið hverju sinni. Með samþykkt nýja frumvarpsins eru öll slík hamlandi ákvæði úr sögunni sem er mjög mikilvægt skref í átt að því að viðurkenna menningarlegan margbreytileika í íslensku samfélagi í verki.

Í nágildandi lögum er jafnframt kveðið á um skilyrðislausu kynbindingu nafna í karlkyn eða kvenkyns nöfn, sem virkar afar hamlandi á tímum nýs skilnings á fjölda kynja. Með samþykki nýja frumvarpsins falla þessi höft úr gildi og felur niðurfellingin í sér ákaflega mikilvægt skref í jafnréttisátt og viðurkenningu á valfrelsi einstaklinga til eigin kyngreiningar.

Í nýja frumvarpinu kveður algerlega við nýjan tón hvað varðar eftirnöfn/kenninöfn og aftur er það jafnræðissjónarmið, sem ræður ferðinni en ekki elítismi og mismunun líkt og viðgengst í núverandi lögum. Þessi breyting er mikið fagnaðarefni.

Ættarnöfn, sem Íslendingar hafa borið, eru táknrænn auður (symbolic capital) sem gengið hefur í erfðir frá kynslóð til kynslóðar. Lagaleg takmörkun á meðfæddum auði – úthlutun til fátta útvalinna - er eitt argasta dæmið um lögfesta mismunun í íslensku samfélagi og brot á Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Verði nýja frumvarpið að veruleika verður bann við upptöku nýrra ættarnafna, sem verið hefur í gildi síðan 1925, fellt niður. Með afnámi þessara laga er stigið stórt skref í jafnrétti borgara þessa lands.

Athugasemdir mínar varðandi hugsanlega vankanta á núverandi frumvarpi snúa að 5.gr. Þar segir: Á öllum opinberum skráum og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn einstaklinga rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma. Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum, skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá á hverjum tíma.“

Að mínum dómi felur 5. grein í sér of mikla stífni. Vel má ímynda sér að fólk, sérstaklega af erlendum uppruna en einnig aðrir sem bera alíslensk, en ef til vill þung og erfið nöfn vilji hafa tækifæri til að nota stytta og/eða örlítið breytta útgáfu af nafni sínu í sumum tilvikum/skráningum. Samkvæmt þessari grein yrði slíkt ólöglegt. Nærtækt er fyrir undirritaða að vísa í persónulega reynslu. Ég heiti fullu nafni Hallfríður Þórarinsdóttir. Hjómmikið nafn á íslensku en fullkomnlega ófært að nota það annars staðar en hérlendis. Þegar ég hef búið erlendis – samtals 15 ár í þremur löndum – hef ég ídulega notað styttri útgáfu af nafni mínu: Fríða Þórarins/ Frida Thorarins. Í Bandaríkjunum þar sem ég bjó um marga ára skeið var það aldrei vandamál jafnvel þó ritháttur væri jafnvel á ensku. M.ö.o. ég var með persónuskilríki með báðum þessum nöfnum (og jafnvel því þriðju útgáfu, Hallfríður Thorarins) án þess að það ylli nokkru sinni vandkvæðum. Mér segir svo hugur um að svipað gæti átt við meðal margra innflytjenda á Íslandi. Ákvæði þessarar greinar eru því óþarflega niðurnjörvuð að mínu mati.

Að lokum, þó að mínum dómi hefði ekki verið neinn söknuður í því að fella algerlega úr gildi öll boð og bönn um mannanöfn en það er ef til vill til of mikils ætlast í einu vetfangi. Óska því flutningsmönnum allrar velgengni með einlægri von um að þverpólitísk sátt náist um að samþykkja frumvarpið.